

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/41/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5528 – Mubadala/UTC/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2009/EES/41/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5564 – Raiffeisen Leasing/SAG/Advisory House/The Mobility House JV – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2009/EES/41/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5568 – Volkswagen/Fleet Investments/LeasePlan Corporation JV)	3
2009/EES/41/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5581 – Euroports Holding/Benelux Port Holdings) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2009/EES/41/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5585 – Centrica/Venture Production)	5
2009/EES/41/06		Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (<i>auglýsing um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni sem kennt er við „Coulommiers“</i>).	6

2009/EES/41/07	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (<i>auglýsing um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Donzacq“</i>)	8
2009/EES/41/08	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, með upplýsingum um lögbær yfirvöld og miðlægar tengiskrifstofur	9

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/41/01

(Mál COMP/M.5528 – Mubadala/UTC/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. júlí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Mubadala Development Company PJSC („Mubadala“), sem er skráð í Abú Dabí, og bandaríska fyrirtækið Sikorsky Aircraft Corporation („Sikorsky“), sem tilheyrir samsteypunni United Technologies („UTC“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í MIL MRO JV, nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki sem er skráð í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - UTC: sala á hátæknivörum og hátækniþjónustu til fyrirtækja með starfsemi á sviði byggingakerfa og flugvélaframleiðslu víða um heim
 - Mubadala: fjárfestingar í margvíslegum grundvallargreinum víða um heim, m.a. orkuframleiðslu, veitustarfsemi, fasteignum, samstarfsverkefnum hins opinbera og einkafyrirtækja, flugvélaframleiðslu og grunnframleiðslu og þjónustu
 - Sameiginlega fyrirtækið: viðhald, viðgerðir og skoðun herflugvéla og herþyrlna ásamt tilheyrandi þjónustu á sviði breytinga og uppfærslu á loftförum, vöruheðjustjórnun og umsýslu viðhaldssamninga
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 174, 28. júlí 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5528 – Mubadala/UTC/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/41/02****(Mál COMP/M.5564 – Raiffeisen Leasing/SAG/Advisory House/The Mobility House JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júlí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu í tveimur tengdum aðgerðum þar sem austurríska fyrirtækið Raiffeisen Leasing GmbH („Raiffeisen Leasing“), sem er í eigu austurrísku fyrirtækjasamstæðunnar Raiffeisen Zentralbank Österreich AG, Salzburg AG für Energie, Verkehr und Telekommunikation („SAG“) og svissneska fyrirtækið The Advisory House GmbH („Advisory House“) öðlast, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sameiningu yfirráð í austurríska fyrirtækinu Mobility House GmbH („Mobility House“) með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, í skilningi 4. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, og öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í austurríska fyrirtækinu ElectroDrive Salzburg GmbH („ElectroDrive“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Raiffeisen Leasing: fjármögnunarleiga
 - SAG: almenningsveitufyrirtæki sem selur orku, gas, vatn, fjarhitun og rekur starfsemi á sviði flutninga, fjarskipta, kapalsjónvarps og Net- og símaþjónustu
 - Advisory House: sjálfstæð ráðgjafarþjónusta, aðallega með starfsemi í orkugeiranum
 - Mobility House: „Græn farartæki“: leigir út rafnúin farartæki og aðra þjónustu í tengslum við hreyfanleika
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 177, 30. júlí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP M.5564 – Raiffeisen Leasing/SAG/Advisory House/The Mobility House JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5568 – Volkswagen/Fleet Investments/LeasePlan Corporation JV)

2009/EES/41/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. júlí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Volkswagen Bank GmbH, sem tilheyrir Volkswagen-samsteypunni, og hollenska fyrirtækið Fleet Investments BV, sem tilheyrir Metzler-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu LeasePlan Corporation NV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Volkswagen: þróun, framleiðsla og sala á fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum, að meðtöldum varahlutum og aukahlutum, ökutækjadreifing, fjármálaþjónusta í tengslum við dreifingu og fjármögnun fólksbifreiða og atvinnuökutækja, rekstrarlausnir fyrir bifreiðaflota og rannsókn- og þróunarstarfsemi
 - Fleet Investments BV: fjárfestinga- og eignarhaldsfélag
 - LeasePlan Corporation NV: kaupleigu- og rekstrarþjónusta fyrir ökutækjaflota, skammtímaleiga bifreiða, fjármögnunarleiga og tryggingar (miðlun)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB (C 173, 25. júlí 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5568 – Volkswagen/Fleet Investments/LeasePlan Corporation JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/41/04****(Mál COMP/M.5581 – Euroports Holding/Benelux Port Holdings)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júlí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Euroports Holding S.á.r.l. („Euroports“), sem er dótturfélag BBI Europe Holdings (Malta II) Ltd og að fullu í eigu þess, en bæði félögin eru skráð í Lúxemborg, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í lúxemborgska fyrirtækinu Benelux Port Holding S.á.r.l. („BPH“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Euroports: hafnarekstur, fraktmeðhöndlun og geymsla og skyld þjónusta
 - BPH: hafnarekstur, fraktmeðhöndlun og skyld þjónusta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 173, 25. júlí 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5581 – Euroports Holding/Benelux Port Holdings, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5585 – Centrica/Venture Production)**

2009/EES/41/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. júlí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Centrica Resources Limited (UK), sem lýtur yfirráðum hins breska Centrica plc („Centrica“), öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 10. júlí 2009, að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Venture Production plc („Venture“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Centrica: lóðrétt samþætt orkufyrirtæki sem hefur einkum með höndum framleiðslu og sölu á jarðgasi
 - Venture: olíu- og gasleit og framleiðsla á jarðgasi og jarðolíu, einkum í Norðursjó
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 176, 29. júlí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5585 – Centrica/Venture Production, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ 2009/EES/41/06

(Auglýsing um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og lofikenndu kolvetni sem kennt er við „Coulommiers“)

Hinn 12. desember 2008 lögðu fyrirtækin Sterling Resources (UK) Ltd, skráð að Harbour Court, Compass Road, North Harbour, Portsmouth, Hampshire PO6 4ST, UNITED KINGDOM og Petro Ventures International Ltd, skráð að Unit 15, Level 1, 51-53 Kewdale Road, Welshpool, Western Australia 6106, AUSTRALIA, fram umsókn um sameiginlegt sérleyfi til fjögurra ára, sem kennt er við „Coulommiers“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem liggur í sýslunum Seine-et-Marne, Aisne, Marne og Oise.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem tengja hornpunktana sem skilgreindir eru með hnitum í nýgráðum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktur	Lengd	Breidd
A	54,60° N	0,60° A
B	54,60° N	1,10° A
C	54,50° N	1,10° A
D	54,50° N	0,80° A
E	54,30° N	0,80° A
F	54,30° N	1,25° A
G	54,22° N	1,25° A
H	54,22° N	1,27° A
I	54,20° N	1,27° A
J	54,20° N	0,92° A
K	54,21° N	0,92° A
L	54,21° N	0,90° A
M	54,22° N	0,90° A
N	54,22° N	0,81° A
O	54,20° N	0,81° A
P	54,20° N	0,70° A
Q	54,33° N	0,70° A
R	54,33° N	0,71° A
S	54,34° N	0,71° A
T	54,34° N	0,73° A
U	54,35° N	0,73° A
V	54,35° N	0,74° A
W	54,37° N	0,74° A
X	54,37° N	0,70° A
Y	54,50° N	0,70° A
Z	54,50° N	0,60° A

Svæðið, sem svo er skilgreint, nær yfir því sem næst 808 ferkílómetra.

Þessi umsókn er að hluta til í samkeppni við umsókn POROS SAS um Champrose-leyfið, en auglýsing um samkeppni um það leyfi birtist í Stjtið. ESB 27. febrúar 2009, og umsókn Toreador Energy France um Coulommiers-leyfið, en auglýsing um samkeppni um það leyfi birtist í Stjtið. ESB 25. apríl 2009. Þessi auglýsing varðar svæði sem umsóknirnar um Champrose- og Coulommiers-leyfin tóku ekki til. Þessi svæði mynda tvö heildarsvæði sem markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mætast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

SVÆÐI A

Hornpunktur	Breidd	Lengd
A	54,60° N	0,60° A
B	54,60° N	1,10° A
C	54,50° N	1,10° A
D	54,50° N	0,80° A
E	54,40° N	0,80° A
F	54,40° N	0,70° A
G	54,50° N	0,70° A
H	54,50° N	0,60° A

SVÆÐI B

Hornpunktur	Breidd	Lengd
I	54,30° N	1,10° A
J	54,30° N	1,25° A
K	54,22° N	1,25° A
L	54,22° N	1,27° A
M	54,20° N	1,27° A
N	54,20° N	1,10° A

Tilhögun umsókna

Upphaflegur umsækjandi og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4., 5. og 6. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (sjá frönsku stjórnartíðindin, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að leggja fram samkeppnisumsókn um sérleyfið og ber að leggja slíka umsókn fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 172 hinn 24. júlí 2009, bls. 13, í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og aðrar umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst frönskum stjórnvöldum, þ.e. eigi síðar en 15. desember 2010.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (sjá frönsku stjórnartíðindin, 3. júní 2006).

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, de l'énergie du développement durable et de l'aménagement du territoire (direction générale de l'énergie et du climat, direction de l'énergie, bureau exploration et production des hydrocarbures), Arche de la Défense, Paroi Nord, 92055 La Défense Cedex (sími +33 140819537, bréfasími +33 140819529).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á slóðinni

<http://www.legifrance.gouv.fr>

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ 2009/EES/41/07

(Auglýsing um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Donzacq“)

Hinn 12. desember 2008 lögðu fyrirtækin Egdon Resources (New Ventures) Ltd, skráð að Suite 2, 90-96 High Street, Odiham, Hampshire, RG29 1LP, United Kingdom, Sterling Resources (UK) Ltd, skráð að Harbour Court, Compass Road, North Harbour, Portsmouth, Hampshire PO6 4ST, United Kingdom, Nautical Petroleum Plc, skráð að Northumberland House, 15 Petersham Road, Richmond, Surrey TW10 6TP, United Kingdom, og Malta Oil Pty, skráð að Ground Floor (West), 225 St George Terrace, Perth, Western Australia 6000, Australia, fram umsókn um sameiginlegt sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Donzacq“, til olíu- og gasleitar á svæði sem er hér um bil 218 km² og liggur í sýslunni Landes.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mæstast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum í nýgráðum hér fyrir neðan. Notast er við NTF (Nouvelle Triangulation de la France) og talið frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktar	Lengd	Breidd
A	3,40° V	48,40° N
B	3,50° V	48,40° N
C	3,50° V	48,50° N
D	3,60° V	48,50° N
E	3,60° V	48,60° N
F	3,40° V	48,60° N

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum samkvæmt 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að leggja fram samkeppnisumsókn um sérleyfið og ber að leggja slíka umsókn fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 172 hinn 24. júlí 2009, bls. 16, í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og samkeppnisumsóknir verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sjá 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 19. desember 2010.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1. í námalögum („code minier“) og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, de l'énergie, du développement durable et de l'aménagement du territoire (Direction générale de l'énergie et climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et des nouveaux produits énergétiques bureau exploration production des hydrocarbures), Arche de La Défense, Paroi Nord, 92055 La Défense Cedex (sími +33 140819537, bréfasími +33 140819529).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, með upplýsingum um lögbær yfirvöld og miðlægar tengiskrifstofur 2009/EES/41/08

Skrá um lögbær yfirvöld og miðlægar tengiskrifstofur, samkvæmt upplýsingum sem framkvæmdastjórninni höfðu borist frá aðildarríkjunum hinn 15. júní 2009, var birt í [Stjtið. ESB C 169 hinn 21. júlí 2009](#).